Nd. **175. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt (þskj. 4).

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Ég er andvígur frv. því, sem hér liggur fyrir, og mun fylgja brtt., sem þm. Ísaf. (HG) ber fram við frv. í því skyni, að færa það í samræmi við sitt frv., er einnig hefir legið fyrir fjárhagsnefnd og ég hefði kosið samþykkt, en meiri hl. nefndarinnar er andvígur. Nái ekki þessar breytingartillögur fram að ganga, mun ég greiða atkvæði móti frumvarpinu, og vísa ég til greinargerðar minnar um sama frv. í nál. minni hluta fjárhagsnefndar 1930 á þskj. 305.

Alþingi, 16. marz 1931.

Héðinn Valdimarsson.